

Námskrá fyrir 1 og 2 ára börn í leikskólum Kópavogs

Grunnbættir menntunar eru sameiginleg leiðarljós í menntun, uppeldi og umönnun á öllum skólastigum. Leikskólastarf er samþætt og skapandi þar sem leikurinn er námsleið barnsins.

GRUNNBÆTTIR MENNTUNAR	LÆSI	HEILBRIGÐI OG VELFERÐ	SJÁLFBÆRNI	SKÖPUN	LÝÐRÆÐI OG MANNRÉTTINDI	JAFNRÉTTI
FJÖLGREINDIR HOWARDS GARDNERS	Málgreind. Sjálfsþekkingargreind. Samskiptagreind.	Líkams- og hreyfigreind. Rýmisgreind.	Umhverfsgreind. Rök- og stærðfræðigreind.	Rýmisgreind. Tónlistargreind. Rök- og stærðfræðigreind.	Sjálfsþekkingargreind. Samskiptagreind.	Sjálfsþekkingargreind. Samskiptagreind.
NÁMSSVIÐ LEIKSKÓLA	LÆSI OG SAMSKIPTI.	HEILBRIGÐI OG VELLÍÐAN.	SJÁLFBÆRNI OG VÍSINDI.	SKÖPUN OG MENNING.		
MARKMIÐ AÐ BÖRNIN:	Auki orðaforða sinn og leiki sér með tungumálið. Heyri fjölbreytt og vandað mál. Tjái sig við aðra og taki þátt í samræðum. Eigi jákvæð samskipti við einstaklinga sem eru hluti af samfélagi þess. Kynnist bókmenntum, þul- um, sögum og ævintýrum. Læri texta og taki þátt í söng. Fái tækifæri til að greina á milli leiks og alvöru.	Finni fyrir öryggi í leikskólum. Fái alhliða hreyfipörf sinni fullnægt og efla með því hreyfiproska, hreyfgetu, samhæfingu og jákvæða líkamsvitund. Reyni sig við daglegar athafnir. Reyni á sig og slaki á. Upplifi að borin sé virðing fyrir líkamlegri vifkni og þörfinni að hreyfa sig. Upplifi öryggi í hinu efnislega umhverfi. Upplifi gleði.	Takist á við ögrandi viðfangsefni. Upplifi fjölbreytni náttúrunnar og njóti útiveru í íslenskrí veðráttu. Kynnist lífríkinu í nánasta umhverfi. Umgangist náttúruna af virðingu. Búi við umhverfi sem stuðli að námi og vellíðan. Hafi frjálstan aðgang að fjölbreyttu leikefni sem ýtir undir rannsóknareðli.	Upplifi að borin er virðing fyrir verkum þeirra og þau virði verk annarra. Tjái sig um verk sín. Þroski með sér frumkvæði og frjálsa, skapandi tjáningu og túlkun á tónlist, myndlist og öðru skapandi starfi. Kynnist og taki þátt í samfélagslegum hefðum og hátíðum.	Skyngi að foreldrar og kennarar eru bakhjarlar þess og samherjar. Upplifi öryggi í samskiptum við fulloröna og börn í leikskólanum. Treysti að þörfum þeirra sé mætt. Fái tækifæri til að bera ábyrgð í samræmi við þroska og getu.	Sjái sjónarmið annarra. Sýni umburðarlyndi, hjálpssemi og tillitsemi gagnvart jafnöldrum og fullorönum.
LEIÐIR Í LEIKSKÓLA	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:	BÖRNIN:
AÐLÖGUN	Tengjast kennurum deildarinnar. Eiga jákvæð samskipti við börn og kennara. Þekkja umhverfi og dagskipulag leikskólans.	Upplifa að foreldri fylgi þeim í aðlögun. Upplifa að hlýlega er tekið á móti þeim og foreldrum þeirra Upplifa jákvæð samskipti milli kennara og foreldra. Upplifa að þau og foreldrar þeirra eru velkomnir.	Kynnast leikskólanum með foreldrum sínum og taka þátt í þeim hefðum og reglum sem þar gilda. Hafa aðgang að efnivið sem hvetur til og eykur skilning á stærðum, formum, litum og fjölda.	Hafa tækifæri til að prófa fjölbreyttan efnivið og upplifa nýjar áskoranir. Læra að vera hluti af samfélagi leikskólans.	Fá þann tíma sem þau þurfa og einstaklingsþörfum er sinnt. Hafa tækifæri til að skiptast á og deila upplifun og leikefni. Upplifa tiltekt sem jákvæðan endapunkt á leikum þar sem að allir hjálpast að. Hafa tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um val á leik og leikefni.	Upplifa að vera hluti af hópi. Upplifa að á þau er hlustað.
LEIKUR	Hafa tækifæri til að taka þátt í hlutverkaleik þar sem þau læra að greina milli leiks og alvöru. Hafa aðgang að efnivið sem hvetur til samskipta og leiks svo og bókum. Upplifa að einhver er til staðar sem hlustar, hvetur og setur orð á hluti og athafnir.	Hafa aðgang að fjölbreyttu og góðu leikrými, úti og inni, sem eflir bæði fín- og grófhreyfingar. Fara í leiki sem reyna á líkamsbeitingu. Nota fjölbreytt áhöld og leikefni sem staðsett er í þeirra hæð.	Hafa aðgang að náttúrulegu leikefni m.a. vatni, steinum og sandi. Hafa aðgang að efnivið sem hvetur til og eykur skilning á stærðum, formum, litum og fjölda.	Hafa aðgang að fjölbreyttu leikefni til skapandi vinnu. Taka þátt í sameiginlegum verkefnum. Hafa tækifæri til að leika frjálst, skapa og tjá upplifun sína, s.s. í myndlist, tónlist, dansi og leikrænni tjáningu. Hlusta á fjölbreytta tónlist og kynnast ýmsum hljóðfærum og hljóðgjöfum. Upplifa kímni og gleði.	Hafa tækifæri til að skiptast á og deila upplifun og leikefni. Upplifa tiltekt sem jákvæðan endapunkt á leikum þar sem að allir hjálpast að. Hafa tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um val á leik og leikefni.	Hafa tækifæri til að eiga í samskiptum við jafnaldra. Upplifa að talað er eins til stráka og stelpna.
AÐ KOMA OG FARA, KLÆÐA SIG. ÚTIVERA – VETTvangs-ferðir	Heyra fjölbreytt orð um athafnir, klæðnað og veður. Upplifa jákvæð samskipti kennara og foreldra. Upplifa að þeim sé heilsað og þau kvædd hlýlega og þau tileinka sér það. Hafa tækifæri til að kynnast og læra á nánasta umhverfi.	Hafa tækifæri til að hreyfa sig í mismunandi landslagi. Eru klædd í fatnað sem tekur mið af veðri og heftir ekki hreyfingar. Finna að hreyfipörf þeirra og það að geta ekki setið lengi kyrr er virt.	Veita athygli dýrum og plöntum í umhverfinu. Upplifa margs konar veður. Fara í vettvangsferðir. Læra að ganga vel um gróður og mannvirki.	Vinna með fjölbreyttan efnivið úr náttúrunni á ýmsan hátt. Veita athygli formum, litum og hljóðum í umhverfinu.	Hafa tíma og tækifæri til að hjálpa sér sjálf. Hafa tækifæri til að taka sjálfstæða ákvörðun um val á leik og leikefni.	Heyra að allir litir, t.d. á klæðnaði, eru jafnt fyrir stráka og stelpur.
SAMVERA	Hafa tækifæri til að tjá hugsanir sínar og athafnir á fjölbreyttan hátt. Hlusta á sögur, ljóð, þulur og ævintýri. Skoða bækur. Upplifa jákvæð og uppbyggileg samskipti við kennara og börn.	Fara í fjölbreytta leiki sem efla alhliða þroska. Velja sér stellingu og láta fara vel um sig. Finna að hreyfipörf þeirra og það að geta ekki setið lengi kyrr er virt.	Hlusta á sögur og skoða bækur um umhverfið, dýr og plöntur. Ræða um árstíðir og veðurfar. Hlusta á sögur, syngja söngva og vísur sem fjalla um stærðir og fjölda. Vinna með form og afstöðuhugtök.	Hlusta á fjölbreytta tónlist, slá og klappa takt. Syngja lög, ljóð og hreyfisöngva. Hafa tækifæri til að deila upplifun sinni með öðrum.	Upplifa nálægð og vellíðan og að vera hluti af hóp. Fá tækifæri til að velja sögu eða söngva.	Upplifa og ræða margbreytileika s.s. ólíkar fjölskyldugerðir, fötlun, hæfni, menningu, lítarhátt o.s.frv.
MATARTÍMI	Upplifa notalegt spjall, um leið og matast er, um matinn og það sem efst er á baugi hverju sinni.	Hafa tækifæri til að nota matarhöld, smyrja, hella og matast sjálf. Hjálpa til við að leggja á og bera af borði. Hafa tíma til að njóta matarins og upplifa matartímann sem góða stund.	Ræða hvaðan maturinn kemur og mikilvægi þess að fara vel með hann. Fá tækifæri til að borða úti. Pari saman eitt barn ein skeið, gaffall, diskur og glas.	Ræða um líti, lykt og áferð matarins. Temja sér góða borðsiði, sýna tillitsemi og samhjálpa.	Hafa tækifæri til að velja sér sjálf sæti við matarborðið. Taka sjálfstæða ákvörðun um hve mikið er sett á diskinn. Upplifa að sumir geta ekki borðað ákveðna fæðu vegna óþols.	
SVEFN	Heyra sögur, vöggvísur og sönglög.	Upplifa svefntímann sem jákvæðan þar sem þau fá að hvílast og endurnæra líkamann.	Hlusta á hljóð náttúrunnar.	Hlusta á þögnina. Hlusta á rólega tónlist eða söng.	Fá að sofa eins lengi og þau þarfnast.	
LÍKAMLEG UMHIRÐA	Upplifa notalegt spjall við bleiuskipti. Nefna heiti líkamshluta.	Hafa tækifæri til að hjálpa sér sjálf, eins og að þvo hendur og klæða sig í effir bleiuskipti.	Þvo sér sjálf effir útiveru. Telja fingur, tær ofl.	Nota hlífðarföt þegar unnið er með efnivið sem getur óhreinnað föt. Þvo sér sjálf um hendurnar að verki loknu.	Geti treyst því að fá hreina bleyju þegar þarf og aðstoð við að hætta með bleyju þegar þau eru tilbúin.	